KORTASKILMÁLAR

Samningur þessi („**skilmálar**") hefur að geyma skilmála sem varða notkun kortsins sem gefið er út af Enfuce License Services Ltd og felur í sér bindandi samning milli þín og okkar.

Með orðunum „**þú**", „**þig**", „**þér**", „**þín**" og „**þinn**" er átt við reikningseiganda, eins og það hugtak er skilgreint er hér á eftir.

Kortið er gefið út af Enfuce License Services Ltd („**Enfuce**", „**við**", „**okkur**" eða „**okkar**"), félagi sem er stofnað í Finnlandi með skráð heimilisfang að Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi og fyrirtækjaskráningarnúmerið 2992502-3. Enfuce hefur starfsleyfi frá og lýtur eftirliti finnska fjármálaeftirlitsins sem rafeyrisstofnun, og er með leyfi til að gefa út kortagreiðslumiðla sem tengjast neti kortafyrirtækisins (eins og það hugtak er skilgreint hér á eftir).

Kortið er látið þér í té í samstarfi við Síminn Pay ehf. (sjá nánari upplýsingar hér á eftir) sem í skilmálum þessum er kallað „**Síminn Pay**". Síminn Pay veitir lánsheimild í tengslum við kortið. Síminn Pay veitir einnig notendaviðmót og viðskiptavinaþjónustu og sinnir ákveðnum aðgerðum sem tengjast umsýslu og stjórnun kortakerfisins fyrir okkar hönd. Skilmálar þessir gilda um eftirfarandi kortakerfi („**kortakerfi**"):

Lýsing á kortakerfi

Gerð korts:	Fyrirtækjakort Rafræn og tókuð (þ.e. rafræn veski) kort Áþreifanleg kort eru ekki gefin út
Tegund fjármögnunar:	Kreditkort: Kortið er kreditkort og öll notkun er takmörkuð við fjárhæð lánsheimildar kortsins og önnur takmörk sem getið er í skilmálum þessum. Allar lánsheimildir sem Síminn Pay veitir í tengslum við kortið eru eingöngu á milli þín og Síminn Pay. Allar slíkar lánsheimildir lúta samningi sem gerður er beint við Síminn Pay. Til að taka af allan vafa skal tekið fram að við erum ekki aðili að neinum lánssamningi og við veitum ekki lán í tengslum við kortið/kortin.
Kortafyrirtæki:	Mastercard
Tilgreindur gjaldmiðill:	ISK
Útgefandi:	Enfuce License Services Ltd, félag sem er stofnað í Finnlandi með skráð heimilisfang að Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi og fyrirtækjaskráningarnúmerið 2992502-3. Enfuce hefur starfsleyfi frá finnska fjármálaeftirlitsins sem rafeyris- og greiðslustofnun.
Síminn Pay:	Síminn Pay ehf. (áður „Farsímagreiðslur ehf."), kennitala 4711032250, félag sem er stofnað á Íslandi með höfuðstöðvar að Ármúla 25, 108 Reykjavík, Íslandi.
Notendaviðmót:	Vefsíða: www.siminnpay.is

	Síminn Pay forritið. Netviðmótið sem Síminn Pay rekur gerir þér kleift að panta og stjórna kortum, virkja og skoða færslur, skoða tiltæka heimild, loka korti og opna það og senda fyrirspurnir til viðskiptavinaþjónustu í tengslum við kortið/kortin og/eða ráðstöfunarfjárhæð.
Færsluhámörk:	Eins og kveðið er á um í viðaukanum
Aðrar takmarkanir á notkun:	Svæði: Hvar sem er í heiminum. Úttektir úr hraðbanka: Nei

Umsóknin um og notkun kortsins lýtur neðangreindum skilmálum. Þú verður beðin/n um að staðfesta samþykki þitt á þessum skilmálum þegar þú sækir um kort í gegnum notendaviðmótið sem tilgreint er hér að framan. Ef þú neitar að samþykkja þessa skilmála munum við ekki geta afgreitt pöntun þína á korti. Skilmálar sem eru í gildi munu birtast í notendaviðmótinu.

Þegar við samþykkjum umsókn þína um kort stofnast lagalega bindandi samningur á milli þín og okkar með þeim skilmálum og skilyrðum sem greinir í skilmálum þessum.

Með því að staðfesta samþykki þitt á þessum skilmálum fyrir hönd lögaðilans eða fyrirtækisins sem þú kemur fram fyrir, þ.e. reikningseigandans, staðfestir þú að hafir viðeigandi heimild til að gera lagalega bindandi samning við okkur og skuldbinda reikningseigandann.

Vinsamlegast lestu skilmála þessa vandlega og geymdu eintak svo þú getir lesið þá síðar. Efnisyfirlit skilmála þessara:

1 Skilgreiningar og túlkun ... 3
2 Hæfis- og aðrar athuganir ... 4
3 Tilgangur kortsins ... 4
4 Notkun korts ... 5
5 Kortahámörk og -gjöld ... 7
6 Kortaöryggi ... 7
7 Að heimila færslur ... 8
8 Öryggisbrestur og misnotkun og lokun korta ... 8
9 Óheimilar og umdeildar færslur ... 9
10 Ábyrgð ... 10
11 Uppsagnarréttur ... 12
12 Viðbótarréttur okkur til uppsagnar og til að læsa og loka kortum ... 12
13 Trúnaður og gagnvernd ... 13
14 Breytingar á skilmálum ... 14
15 Ýmis ákvæði ... 14
16 Kvartanir ... 14
17 Lög, lögsaga og tungumál ... 15
18 Bætur ... 15
VIÐAUKI ... 16

1 Skilgreiningar og túlkun

1.1 Skilgreind hugtök skulu hafa neðangreinda merkingu, nema þau séu skilgreind annars staðar í skilmálum þessum:

„Reikningseigandi“ merkir þú, lögaðilinn sem kortin eru gefin út til, sem á ráðstöfunarféð á kortunum, og sem er heimilt að leyfa kortanotendum að nota kortin.

„Gildandi lög“ merkir öll gildandi (þar á meðal, en ekki takmarkað við, hvers kyns staðbundin lög í lögsögum þar sem kortið er veitt og kortakerfið er starfrækt), lagabálkar, lagagerningar, reglugerðir, reglur, tilskipanir, eftirlitsleiðbeiningar, stefnur, fyrirmæli eða kröfur sem viðeigandi aðili sem setur reglur gefur út, eða túlkun sem aðili sem setur reglur hefur gefið út eða birt, hvers kyns útskurður sem gefinn er út af dómstól sem hefur lögsögu yfir aðila, eða hvers kyns viðeigandi reglur eða kröfur kortafyrirtækis sem tengist útgáfu, sölu, leyfi eða notkun á kortunum og/eða þjónustu sem veita skal samkvæmt skilmálum þessum eða önnur regla sem við teljum gilda á hverjum tíma.

„**Tiltæk heimild**“ merkir fjárhæð heimildarinnar sem er tiltæk til ráðstöfunar á kortinu, í hverju tilviki með fyrirvara um færsluhámörk, eins og tilgreint er í skilmálum þessum.

„Virkur dagur“ merkir mánudaga til föstudaga, kl. 9 til 17 að EET/EEST-tíma, að frátöldum lokunardögum banka, þjóðarhátíðardögum og almennum frídögum í Finnlandi.

„Kort“ merkir rafrænt kort (þ.m.t. á tókuðu (þ.e. rafrænt veski) formi) sem við gefum út til þín í tilgreindum gjaldmiðli. Tilvísanir í „kort“ taka einnig til allra öryggisupplýsinga.

„Kortafyrirtæki“ merkir greiðslunetið sem kortin eru tengd við, eins og tilgreint er í lýsingunni á kortakerfinu.

„Kortanotandi“ merkir einstaklingur sem kort er látið í té og sem þú hefur veitt heimild til að nota og nýta fjármuni á korti fyrir þína hönd, samkvæmt og með fyrirvara um skilmála þessa.

„Viðskiptavinaþjónusta“ merkir aðstoð sem Síminn Pay veitir þér og kortanotendum í tengslum við kortið og kortakerfið og er nánari upplýsingar um það að finna í viðaukanum við skilmála þessa.

„Tilgreindur gjaldmiðill“ merkir gjaldmiðillinn sem tilgreindur er í lýsingunni á kortakerfinu.

„Greiðsluþrotsatburður“ merkir, með tilliti til reikningseiganda, sá atburður að (i) reikningseigandi samþykki ályktun, eða dómstóll kveði upp úrskurð, um að reikningseiganda skuli slitið (nema það sé sannarlega gert í skyni endurskipulagningar eða samruna sem ekki felur í sér gjaldþrot); (ii) úrskurður er kveðinn upp um skipun umsjónaraðila skiptameðferðar í tengslum við reikningseiganda eða skiptastjóri, tilsjónaraðili eða umsjónaraðili er skipaður yfir öllum eða hluta eigna eða reksturs reikningseiganda; (iii) reikningseigandi er ófær um að greiða skuldir sínar í skilningi gjaldþrotaskiptalaga; (iv) lögð er fram tillaga að því er varðar reikningseiganda um hvers kyns frjálsan nauðasamning samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum; eða (v) einhverjar aðstæður koma upp sem eru ígildi þess sem greinir i liðum (i) til (iv) að framan samkvæmt lögum og tengdri dóma- og réttarframkvæmd sem gilda um reikningseiganda.

„Persónuupplýsingar“ merkir hvers kyns persónuupplýsingar sem varða notkun kortsins, þar á meðal (en ekki takmarkað við): nafn, fæðingardagur, heimilisfang, netfang og símanúmer (jarðlína og/eða farsími) einstaklings, og þær kunna að innifela öryggisupplýsingar. Ítarlegar upplýsingar um persónuupplýsingarnar sem við vinnum með er að finna í persónuverndarstefnu okkar (https://enfuce.com/privacy-and-data-protection/).

„**Posi**“ merkir afgreiðslutæki.

„Öryggisupplýsingar" merkir ákveðnar upplýsingar í tengslum við kortið og kortanotandann, til dæmis persónuupplýsingar þínar, lykilorð fyrir notendaviðmótið, eða kortanúmer.

„**Síminn Pay**" merkir lögaðilinn sem tilgreindur er í lýsingunni á kortakerfinu, sem veitir lánsheimildina fyrir kortin og notendaviðmótið, veitir viðskiptavinaþjónustuna og sinnir ákveðnum aðgerðum sem tengjast umsýslu og umsjón kortakerfisins fyrir okkar hönd.

„Samningur við Síminn Pay" merkir hvers kyns samningur á milli þín og Síminn Pay í tengslum við kortakerfið, þar á meðal hvers kyns notkunarskilmálar notendaviðmótsins og/eða lánasamningur.

„Aðili sem setur reglur" merkir, eins og samhengið krefst, sérhvert kortafyrirtæki og/eða eftirlitsaðili eða -stofnun sem hefur lögsögu yfir okkur eða Síminn Pay í tengslum við útgáfu, markaðssetningu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortanna eða þjónustunnar sem veitt er samkvæmt skilmálum þessum, þ.m.t. án takmörkunar finnska fjármálaeftirlitið.

„Færsla" merkir notkun kortsins til að inna af hendi greiðslu eða kaupa vörur eða þjónustu af söluaðila í gegnum internetið, síma eða snertilausan posa.

„Notendaviðmót" merkir vefsíðan, undirsíðurnar og/eða forritin þar sem þú og kortanotendur geta framkvæmt ákveðnar aðgerðir í tengslum við kortin eins og greinir í lýsingunni á kortakerfinu, samkvæmt og með fyrirvara um samninginn við Síminn Pay. Til að taka af allan vafa skal tekið fram að hugtakið „notendaviðmót" tekur til allra undirsíðna sem eru aðeins tiltækar fyrir stjórnendanotendur þína sem hafa heimild til að panta og hafa umsjón með kortunum, svo og viðmóta kortanotenda.

2 Hæfis- og aðrar athuganir

2.1 Umsókn þín um þátttöku í kortakerfinu kann að vera háð ákveðnum hæfis- og öðrum athugunum sem Síminn Pay framkvæmir, til dæmis til að sannreyna ákveðnar upplýsingar um fyrirtæki reikningseigandans. Þú samþykkir að veita allar upplýsingar og gögn sem Síminn Pay fer fram á, eftir því sem nauðsynlegt er til að framkvæma slíkar hæfis- eða aðrar athuganir. Við (og Síminn Pay) áskiljum okkur rétt til að framkvæma hæfis- og aðrar viðeigandi athuganir er því er varðar kortanotendur.

2.2 Allar upplýsingar sem þú veitir verða að vera nákvæmar og réttar eftir bestu vitund þinni og þú verður að láta Síminn Pay tafarlaust vita ef einhverjar af upplýsingunum sem þú veitir í tengslum við umsókn þína breytast. Þetta á meðal annars við um hvers kyns viðurlög sem kunna að áhrif á þig eða einhvern kortanotanda, eða ef notkun kortsins af hálfu (einhvers) kortanotanda verður eða gæti orðið ólögleg af einhverjum öðrum ástæðum.

2.3 Við (og Síminn Pay) áskiljum okkur rétt til að framkvæma frekari athuganir (þar á meðal að því er varðar einhvern kortanotanda) eftir að umsókn þín hefur verið samþykkt, til dæmis áður en við afgreiðum nokkra færslu.

2.4 Ef þú lætur ekki í té umbeðnar upplýsingar eða gögn er hugsanlegt að við getum ekki afgreitt umsókn þína og/eða nokkra færslu, eða lokum jafnvel öllum eða einhverjum kortanna.

2.5 Allar umsóknir eru háðar ákvörðun okkar og við getum neitað að samþykkja umsókn þína af hvaða ástæðu sem er.

3 Tilgangur kortsins

3.1 Kortið er greiðslumiðill sem býður upp á tafarlausa heimilun færslna og úttekt á tiltækri heimild.

3.2 Notkun kortsins útheimtir að fjármunir séu gerðir aðgengilegir á kortinu í gegnum lánsheimild sem Síminn Pay veitir. Við veitum ekki neitt lán í tengslum við kortið. Upplýsingar um tiltæka heimild og lánsheimildina er að finna í samningnum við Síminn Pay og/eða notendaviðmótinu.

3.3 Kortið er gefið út af okkur að beiðni reikningseiganda og þegar við samþykkjum þá beiðni.

3.4 Hægt er að nota kortið þegar kortafyrirtækjatáknið er sýnt hjá söluaðila á þeim svæðum sem tilgreind eru í lýsingunni á kortakerfinu og að því gefnu að það sé næg tiltæk heimild á kortinu fyrir færslunni að meðtöldum öllum gjöldum sem kunna að eiga við.

3.5 Kortið er ávallt eign okkar og þegar við óskum eftir því verður að skila því til okkar eða eyðileggja það. Notkun kortsins er bundin við þig og kortanotendurna. Þú getur ekki framselt réttindi þín samkvæmt skilmálum þessum og kortanotendum er stranglega bannað að framselja eða gefa kortið þriðja aðila eða leyfa einhverjum þriðja aðila að nota kortið. Leyfi þitt og/eða kortanotenda til að nota kortið kann að verða afturkallað hvenær sem er, í samræmi við 12. grein hér á eftir.

3.6 Þú berð ábyrgð á allri notkun kortanna og á öllum aðgerðum eða aðgerðaleysi kortanotenda. Þú lýsir því yfir, staðfestir og ábyrgist að þú munir tryggja að allir kortanotendur fái vitneskju um efni skilmála þessara og skilji skuldbindingarnar varðandi notkun kortanna.

4 Notkun korts

4.1 Virkjun og almenn notkun kortsins

4.1.1 Þú mátt aðeins dreifa kortinu til hæfra kortanotenda og þú berð ábyrgð á að tryggja að hver kortanotandi uppfylli skilmála þessa þar sem við á.

4.1.2 Hvert kort rennur út á þeirri dagsetningu sem tilgreind er á kortinu. Ekki er hægt að nota kort eftir að það hefur runnið út. Endurnýjun korts, ef við á, lýtur skilmálum þessum.

4.1.3 Fjárhæð hverrar færslu og öll tengd gjöld verða dregin frá heimild kortsins.

4.1.4 Þú samþykkir að taka við innlögn á kort ef þú eða kortanotandi eigið af einhverjum ástæðum rétt á endurgreiðslu fyrir vörur eða þjónustu sem keyptar voru með kortinu.

4.1.5 Við berum ekki ábyrgð á að tryggja að posi taki við kortinu.

4.1.6 Ákveðnir posar, og ákveðin kyrrstæð afgreiðslutæki, eru ekki tengd í rauntíma við kortafyrirtækjanetið og geta hugsanlega ekki tekið við kortunum. Við tökum enga ábyrgð og berum enga ábyrgð á vangetu til að nota kortin í slíkum posum eða tækjum.

4.1.7 Söluaðili getur ekki endurgreitt vörur eða þjónustu sem greitt er fyrir með kortinu nema um hafi verið að ræða fyrri færslu sem viðkomandi söluaðili skuldfærði á kortið sem er jafnhá eða hærri en fjárhæð endurgreiðslunnar sem óskað er eftir. Ef þú og/eða kortanotandi og söluaðili samþykkja endurgreiðslu getur söluaðilinn framkvæmt endurgreiðsluna í gegnum posa. Fjárhæðir sem lagðar eru inn á kortið sem endurgreiðslur skulu vera tiltækar til ráðstöfunar eigi síðar en þremur (3) dögum eftir móttöku endurgreiðslubeiðni. Ef fjárhæð er lögð inn á kortið sem samsvarar ekki endurgreiðslu geta innáfyllingargjöld átt við eins og greinir í viðaukanum.

4.1.8 Þú verður að hlíta öllum gildandi lögum (þ.m.t. hvers kyns gjaldeyrishöftum) í tengslum við kortið, í því landi þar sem kaup fara fram og/eða kortið er notað.

4.2 **Tiltæk heimild**

4.2.1 Aðeins er hægt að nota hvert kort ef það er með næga tiltæka heimild til að framkvæma færslu (að meðtöldum gjöldum). Hver kortanotandi ætti að athuga hvort næg tiltæk heimild sé á kortinu áður en hann reynir að framkvæma færslu til að komast hjá því að færslu sé hafnað.

4.2.2 Ef (við sérstakar aðstæður eða fyrir mistök) við afgreiðum færslu þrátt fyrir að ekki sé til staðar næg tiltæk heimild munum við biðja þig að endurgreiða allar fjárhæðir sem eru umfram tiltæku heimildina eða draga slíkar fjárhæðir frá tiltæku heimildinni þegar hún er endurnýjuð (þ.e. eftir að skuldin á kortinu er endurgreidd).

4.2.3 Þegar kortið er notað hjá tilteknum söluaðilum getur söluaðilinn haldið eftir viðbótarfjárhæð til að standa straum af þjórfé sem lækkar þá tiltæku heimildina á kortinu tímabundið.

4.2.4 Greiðslur sem eru framkvæmdar á sumum afgreiðslutækjum búa til forheimild til að halda eftir fjárhæð sem kann að vera hærri en raunverulega greiðslan. Í slíku tilviki getur beiðnin um forheimild að hærri fjárhæð leitt til þess að færslunni og tengdri greiðslu verði hafnað. Fyrir þjónustu sem boðið er upp á með slíkum afgreiðslutækjum ættu kortanotendur að tryggja að kortið sé með næga tiltæka heimild til að dekka fjárhæðina sem forheimildin útheimtir.

4.2.5 Við mælum ekki með því að kortið sé notað til tryggingar á greiðslu, til dæmis sem tryggingargreiðsla, þar sem slíkir söluaðilar geta áætlað endanlega reikninginn og sú fjárhæð verður þá tímabundið ekki laus til ráðstöfunar.

4.2.6 Kortanotandi getur eytt eftirstöðvum ónotaðra fjármuna á kortinu hvenær sem er áður en það rennur út.

4.2.7 Kortanotandi getur aflað tiltekinna upplýsinga um kortið og nýlegar færslur í gegnum notendaviðmótið eða með því hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna í síma (sem er opinn á þeim tímum sem greinir í viðauka við skilmála þessa).

4.3 **Tímabundin læsing kortsins**

4.3.1 Þú og/eða kortanotandi getið óskað eftir því að kortinu verði læst tímabundið með því að hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna eða með því að nota notendaviðmótið (ef læsing er virkjuð í gegnum notendaviðmótið).

4.3.2 Læsing kortsins uppfyllir ekki skyldu þína (og kortanotenda þinna) til að upplýsa okkur um grunað eða raunverulegt öryggisrof, misnotkun eða sviksamlega notkun kortsins. Nánari upplýsingar er að finna í 8. grein.

4.3.3 Ef við höfum læst eða lokað korti verður þér og/eða kortanotandanum tilkynnt um það með tölvupósti og/eða tilkynningu í notendaviðmótinu, ef mögulegt er áður en kortinu er lokað eða því læst, og í síðasta lagi strax eftir að það hefur verið gert, nema við (eða Síminn Pay fyrir okkar hönd) teljum með sanngirni að það að veita slíkar upplýsingar fæli í sér öryggisáhættu eða ef okkur er ekki heimilt að veita slíkar upplýsingar samkvæmt gildandi

lögum. Þú og/eða kortanotandi getið hvenær sem er óskað eftir því að kortið verði opnað aftur með því að hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna með þeim leiðum sem tilgreindar eru í viðaukanum, en ákvörðun um að opna aftur kort eða halda áfram að veita þjónustu okkar í tengslum við kortið er alfarið í okkar höndum.

4.4 **Rafræn veski**

4.4.1 Þessi grein 4.4 gildir ef rafrænt veski (til dæmis Apple Pay og Google Pay) er virkjað á kortunum sem hluti af kortakerfinu.

4.4.2 Notkun rafræns veskis lýtur skilmálum þess aðila sem býður upp á rafræna veskið, sem verða kynntir kortanotendum þegar þeir virkja rafræn veski í tækjum sínum. Við berum ekki ábyrgð á skilmálum sem gilda um notkun rafrænna veskja.

4.4.3 Til að nota kort í rafrænu veski, eða til að fjarlægja það úr rafrænu veski, ættu kortanotendur að fylgja leiðbeiningum þess aðila sem býður upp á rafræna veskið. Sumir aðilar sem bjóða upp á rafræn veski kunna að takmarka notkun ákveðinna korta eða takmarka fjölda korta sem bætt er við. Athugið að virkni veskja er ekki á okkar ábyrgð og öllum spurningum um notkun veskja ætti að beina til viðkomandi aðila sem býður upp á rafræn veski.

4.4.4 Kortafærslur með notkun rafræns veskis er hægt að framkvæma hjá söluaðilum sem taka við því rafræna veski sem um ræðir.

4.4.5 Ef tæki þar sem rafrænt veski sem geymir kort var virkjað týnist eða er stolið verður kortanotandinn að gera okkur tafarlaust viðvart og aðhafast eins og kortið hafi týnst eða því hafi verið stolið. Áður en kortanotandinn selur eða losar sig við tækið skal fjarlægja kortið úr veskinu.

4.4.6 Kortanotendur ættu að vera vakandi fyrir öllum skilaboðum sem tilkynna þeim um að korti hafi verið bætt við stafrænt veski og láta viðskiptavinaþjónustuna tafarlaust vita ef grunur leikur á um svik.

4.4.7 Við kunnum að loka fyrir notkun korts í rafrænu veski við ákveðnar sérstakar aðstæður, til að vernda öryggi kortsins. Ef kort rennur út eða því er sagt upp mun kortanotandinn ekki lengur geta notað kortið í veskinu.

5 Kortahámörk og -gjöld

5.1 Upplýsingar um kortagjöld, færsluhámörk og takmarkanir á kortanotkun er að finna í lýsingunni á kortakerfinu og í viðaukanum og munu gilda um kortin.

5.2 Í hvert sinn sem kort er notað verður fjárhæð færslunnar auk viðeigandi gjalda dregið af kortinu. Ef fjárhæð færslunnar að viðbættum viðeigandi gjöldum fer yfir tiltæka heimild kortsins verður færslunni hafnað og viðeigandi gjöld verða gjaldfærð á kortið í samræmi við ákvæði viðaukans. Þessi gjöld geta ekki verið hærri en fjárhæð greiðslubeiðninnar.

5.3 Ef við getum ekki, af einhverjum ástæðum, gjaldfært gjöld og aðrar fjárhæðir sem okkur ber samkvæmt skilmálum þessum á kort munum við (eða Síminn Pay fyrir okkar hönd) tilkynna þér um slíkar fjárhæðir og þú samþykkir að inna af hendi greiðslu eins fljótt og auðið er eftir móttöku slíkrar tilkynningar.

6 Kortaöryggi

6.1 Kortanotandi verður að gæta öryggis kortsins og öryggisupplýsinga þess með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal, en ekki takmarkað við, eftirfarandi:

i. aldrei að leyfa neinum öðrum að nota kortið eða deila öryggisupplýsingum með neinum;

ii. fara að öllum sanngjörnum fyrirmælum sem við veitum um að halda kortinu öruggu;

iii. nota aðeins öruggar vefsíður til að framkvæma færslur á netinu;

iv. velja sterk lykilorð sem innihalda bæði bókstafi og tölustafi þegar þú stjórnar kortareikningnum á netinu;

v. tæta allar persónuupplýsingar eða öryggisupplýsingar sem varða kortið og auðkennisþjófur gæti nýtt sér; og

vi. tilkynna þjófnað á öryggisupplýsingum sem varða kortið til viðskiptavinaþjónustunnar og viðeigandi stofnana/fyrirtækja til að vara við hugsanlegum tilraunum til að fremja auðkennissvik í þínu nafni eða nafni kortanotandans.

6.2 Þú staðfestir, lýsir því yfir og ábyrgist gagnvart okkur að færslur sem kortanotendur koma til að framkvæma með kortinu brjóti ekki í bága við nein gildandi lög og að þú og kortanotendur munið ávallt hlíta öllum gildandi lögum í tengslum við efndir skuldbindinga ykkar samkvæmt skilmálum þessum og notkun kortanna.

6.3 Þú eða kortanotendur skulið ekki undir neinum kringumstæðum senda virk kort og/eða kort sem lagt hefur verið inn á til okkar eða nokkurs þriðja aðila með pósti eða neinum öðrum ótryggum afhendingarleiðum.

7 Að heimila færslur

7.1 Þegar kortanotendur nota kortin sín til að kaupa á netinu fyrir 30 evrur eða meira (og þetta tekur til þess að nota rafræn veski sem innihalda tókuð kort til að heimila snertilausar posafærslur), auk þess að gefa upp kortaupplýsingar sínar, verða kortanotendur beðnir um að auðkenna sig. Eftir því hvernig auðkenningartækni er notuð kunna þeir að vera beðnir að staðfesta færsluna með: (i) einhverju sem þeir vita, til dæmis lykilorði; (ii) einhverju sem þeir hafa, til dæmis lykilnúmeri sem er sent í símann þeirra, kortalesara eða annað tæki sem býr til einskiptis lykilnúmer; og (iii) einhverju sem þeir eru, til dæmis með því að nota fingrafaraskanna, andlitsgreiningu eða aðrar auðkenningaraðferðir sem gera kleift að staðfesta að það sé kortanotandinn sem heimilar færsluna. Tækni sem kallast 3D Secure er oft notuð af söluaðilum á netinu til að framkvæma slíka örugga auðkenningu á netinu, og til er tækni sem gerir kortanotendum kleift að nota notendaviðmótið sitt sem hluta af færsluheimildarferlinu. Vinsamlegast athugið að við berum ekki ábyrgð á neinni slíkri auðkenningartækni og við getum ekki verið gerð ábyrgð fyrir nokkru sem tengist notkun slíkrar tækni.

7.2 Þegar færsla hefur verið heimiluð af kortanotanda er ekki hægt að afturkalla hana. Tími móttöku færslubeiðni er þegar við móttökum hana.

7.3 Hugsanlegt er að truflun verði á getu kortanotanda til að nota eða fá aðgang að kortinu öðru hvoru, til dæmis ef við þurfum að annast viðhald á kerfum okkar. Þú og/eða kortanotendur þínir ættuð að hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna til að láta okkur vita af vandamálum sem kunna að koma upp við notkun kortsins eða tilkynna vandamálið í gegnum notendaviðmótið og þá munum við reyna að leysa það eins fljótt og auðið er.

8 Öryggisbrestur og misnotkun og lokun korta

8.1 Ef kortið er misnotað eða ef líklegt er að þriðji aðili misnoti kortið eða ef þig og/eða kortanotanda grunar að einhver annar kunni að hafa vitneskju um tengdar öryggisupplýsingar eða hafi framkvæmt óheimila færslu verður kortanotandinn að hætta notkun kortsins og gera viðskiptavinaþjónustunni viðvart (og læsa kortinu í gegnum notendaviðmótið, ef slík virkni er í boði) um leið og hann verður var við slíkan öryggisbrest, misnotkun eða óheimila notkun kortsins. Kortinu verður lokað til að koma í veg fyrir frekara tjón þegar okkur berst tilkynning í samræmi við þessa grein. Ef fartæki þar sem rafrænt veski sem inniheldur kort er virkjað (ef þessi virkni er í boði samkvæmt þessu kortakerfi) týnist eða því er stolið, þá er litið svo á að kortið hafi týnst eða því hafi verið stolið og það geti leitt til misnotkunar á kortinu.

8.2 Við kunnum einnig að loka korti með eða án fyrirvara ef okkur grunar að kort, eða einhverjar kortatengdar öryggisupplýsingar hafi verið, eða verði líklega, misnotaðar, ef einhverjar færslur eru taldar vera grunsamlegar og/eða sviksamlegar, ef við höfum ástæðu til að ætla að þú og/eða kortanotandi hafi brotið gegn mikilvægu ákvæði skilmála þessara eða að þú og/eða kortanotandi hafi ítrekið brotið gegn einhverjum skilmála eða skilyrði án þess að ráða bóta á því, eða ef okkur grunar ólöglega notkun á kortinu.

8.3 Farið verður fram á að þú og/eða kortanotandinn veitið viðskiptavinaþjónustunni skriflegar upplýsingar um tapið, þjófnaðinn eða misnotkunina.

8.4 Hugsanlegt er að þú og/eða kortanotandinn þurfið að aðstoða okkur, Síminn Pay, umboðsaðila okkar eða lögregluna ef öryggi kortsins hefur verið stefnt í hættu eða ef okkur grunar að verið sé að misnota kortið.

9 Óheimilar og umdeildar færslur

9.1 Þú eða viðkomandi kortanotandi verðið að gera viðskiptavinaþjónustunni viðvart um leið og þér/honum verður kunnugt (og eigi síðar en tuttugu og fjórum (24) klukkustundum eftir það) um færslu sem var ekki heimiluð af kortanotandanum í samræmi við 6. grein að ofan, eða ef þú eða kortanotandinn teljið að við höfum framkvæmt færslu á rangan hátt. Það verður að gera okkur viðvart eigi síðar en þrjátíu (30) dögum frá þeim degi þegar slík færsla hafði áhrif á tiltæka heimild á kortinu.

9.2 Við munum rannsaka kringumstæðurnar sem leiddu til óheimillar færslu. Við kunnum að biðja þig og/eða viðkomandi kortanotanda um að veita okkur stoðgögn og -upplýsingar til að hjálpa okkur við rannsóknina og þú samþykkir að veita okkur liðsinni og að þú munir annast um að kortanotandinn veiti okkur og öllum yfirvöldum kunna að taka þátt í rannsókn okkar liðsinni.

9.3 Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar 9. greinar munum við endurgreiða fjárhæð óheimillar færslu (ásamt viðeigandi gjöldum) eigi síðar en næsta virka dag eftir að við fáum vitneskju um hana, nema við höfum rökstuddan grun um svik og höfum tilkynnt það til viðeigandi yfirvalda.

9.4 **Þú átt ekki rétt á endurgreiðslu vegna óheimillar færslu ef:**

a) Þú eða viðkomandi kortanotandi gerðuð viðskiptavinaþjónustunni ekki viðvart eins og skylt er samkvæmt grein 9.1 (nema við höfum fengið upplýsingar um óheimilu færsluna með öðrum leiðum);

b) óheimila færslan er afleiðing: (i) svika sem voru framin af þér eða kortanotandanum; eða (ii) þess að þú eða kortanotandinn létuð hjá líða að uppfylla öryggiskröfurnar vegna kortsins (eins og kveðið er á um í 6. grein að ofan) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Ef þú átt ekki rétt á endurgreiðslu sökum ofangreinds en við höfum þegar afgreitt hana er okkur heimilt að draga fjárhæð endurgreiðslunnar frá tiltækri heimild þinni.

9.5 Ef óheimila færslan er afleiðing notkunar kortsins í heimildarleysi (þ.e. notkunar þess af hálfu einhvers annars) er hugsanlegt að þér verði gert að bera hluta eða allan kostnaðinn af óheimilu færslunni, upp að allt að 50 evrum. Í því tilviki myndi fjárhæð endurgreiðslu okkar samsvara fjárhæð óheimiluðu færslunnar umfram 50 evrur. Þetta ákvæði gildir þó ekki, og þú átt rétt á fullri endurgreiðslu, ef það var ekki mögulegt fyrir þig og/eða kortanotandann að taka eftir því að kortið hafi týnst, því hafi verið stolið eða það notað í heimildarleysi, eða ef færslan var afleiðing aðgerða eða aðgerðaleysis okkar (til dæmis ef við létum hjá líða að loka kortinu eftir að við fengum tilkynningu um að það hafi týnst, því hafi verið stolið eða það notað í heimildarleysi).

9.6 Endurgreiðsla sem þú kannt að fá er eina úrræðið þitt og við munum ekki bera ábyrgð gagnvart þér á neinu öðru tjóni sem þú kannt að verða fyrir vegna óheimillar færslu.

9.7 Ef við höfum afgreitt færslu sem kortanotandinn hefur heimilað með réttum hætti en þú eða kortanotandinn ákveða áð mótmæla færslunni og krefjast endurgreiðslu ættir þú eða kortanotandinn að hafa samband við söluaðilann sem tók við greiðslunni. Ef söluaðilinn neitar að endurgreiða er hugsanlegt að við getum vísað deilunni til kortafyrirtækisins og ef niðurstaðan af því er jákvæð er hugsanlegt að kortafyrirtækið geti bakfært færsluna á kortinu þínu. Við munum afgreiða allar beiðnir um bakfærslur í samræmi við reglur kortafyrirtækisins sem um ræðir og við getum ekki ábyrgst að bakfærsla verði leyfð. Ef við fáum ekki fjárhæð bakfærslunnar frá kortafyrirtækinu er okkur ekki skylt að framkvæma neinar bakfærslur á kortinu þínu.

9.8 Ef kortanotandi hefur heimilað söluaðila sem nýtur greiðsluþjónustu aðila sem er staðsettur í Bretlandi eða á EES-svæðinu að taka greiðslu í sterlingspundum eða evrum af kortinu þínu getur þú og/eða kortanotandinn farið fram á endurgreiðslu ef: (a) söluaðilinn eða greiðsluþjónustuveitandi hans veittu kortanotandanum ekki upplýsingar um fjárhæð færslunnar (til dæmis vegna þess að færslan tengist leigu á bíl eða bókun hótelgistingar) þegar hann var beðinn að heimila greiðsluna; (b) fjárhæðin sem var skuldfærð á kortið þitt var hærri en kortanotandinn hefði með sanngirni getað búist við að greiða við þær aðstæður sem um ræðir (til dæmis ef hún er ekki í samræmi við fyrri eyðslu hans eða kringumstæður greiðslunnar); og (c) þú eða kortanotandinn leggið fram beiðni um endurgreiðslu innan 8 vikna frá þeim degi þegar greiðslan var skuldfærð á kortið þitt. Innan 10 virkra daga frá þeim degi sem þú eða kortanotandinn leggið fram endurgreiðslubeiðni (eða frá þeim degi þegar við biðjum um skýringar eða upplýsingar varðandi endurgreiðslubeiðnina) munum við annað hvort endurgreiða færsluna að fullu eða gera þér grein fyrir ástæðum þess að við teljum að þú eigir ekki rétt á endurgreiðslu. Þú átt hins vegar ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessari grein 9.8 ef kortanotandinn veitti heimild fyrir færslunni beint til okkar eða ef söluaðilinn veitti kortanotandanum upplýsingar um færsluna á samþykktan hátt að minnsta kosti 4 vikum fyrir gjalddaga greiðslunnar.

9.9 Ef við endurgreiðum eða bakfærum einhverja færslu á kortinu þínu fyrir mistök eigum við rétt á að endurheimta þá fjárhæð sem um ræðir af kortinu með því að draga hana frá tiltækri heimild þinni. Við munum láta þig og/eða kortanotandann vita ef við framkvæmum endurgreiðslu eða bakfærslu fyrir mistök.

10 Ábyrgð

10.1 Tilvísanir í ábyrgð í þessari 10. grein taka til hvers kyns ábyrgðar sem stafar af eða tengist skilmálum þessum, þar með talið en ekki takmarkað við, bótaábyrgð innan og utan samninga (þ.m.t. vegna gáleysis), villandi upplýsingar, skaðabætur eða annað.

10.2 Hvorugur aðili má njóta góðs af þeim takmörkunum og útilokunum sem kveðið er á um í þessari grein að því er varðar neina ábyrgð sem stafar af vísvitandi vanefndum hans.

10.3 Ekkert í skilmálum þessum útilokar eða takmarkar ábyrgð okkar á andláti eða líkamstjóni sem verður rakið til gáleysis okkar, ábyrgð vegna svika eða sviksamlegrar upplýsingagjafar okkar, eða nokkra aðra ábyrgð sem lög leyfa okkur ekki að útiloka eða takmarka.

10.4 Við berum ekki ábyrgð gagnvart þér eða neinum kortanotanda vegna:

a) nokkurra mála sem rísa af eða tengjast sambandi þínu við Síminn Pay (þar á meðal vegna samningsins við Síminn Pay) og/eða þriðja aðila sem er ráðinn af Síminn Pay í tengslum við kortakerfið, eða nokkurs taps eða tjóns af völdum einhverra annarra þriðju aðila;

b) nokkurra deilna sem varða gæði vara eða þjónustu sem keypt er af söluaðila sem tók við korti eða vegna nokkurra viðbótargjalda sem rekstraraðili posa rukkar (t.d. þegar kortanotanda er boðið upp á gjaldmiðlaumreikning á sölustað);

c) hagnaðartaps, sölu- eða viðskiptataps, taps á samningum, taps á væntum sparnaði, taps á notkun eða vegna spillingar gagna eða upplýsinga, taps eða tjóns á viðskiptavild eða vegna nokkurs óbeins eða afleidds taps;

d) taps eða tjóns sem verður ekki rakið til brots okkar á skilmálum þessum eða gildandi lögum eða misbrests okkar á að viðhafa eðlilega færni og aðgát;

e) taps eða tjóns af völdum atburða sem við (eða umboðsaðilar eða undirverktakar okkar) fáum ekki ráðið við og sem við hefðum ekki getað forðast (til dæmis stríð eða verkalýðsaðgerðir);

f) taps eða tjóns sem verður rakið til brots þíns á skilmálum þessum eða gildandi lögum; eða

g) taps eða tjóns af völdum vara eða þjónustu sem keypt er með kortinu, ef einhver söluaðili neitar að taka við kortinu.

10.5 Með fyrirvara um grein 9.3 (endurgreiðslur fyrir óheimilar færslur) og grein 10.3 (ábyrgð sem er ekki útilokuð eða takmörkuð), ef við erum talin bera ábyrgð gagnvart þér þá mun heildarábyrgð okkar gagnvart þér samkvæmt eða vegna samnings þessa ekki nema hærri fjárhæð en 1.000 evrum.

10.6 Ef við drögum einhverja fjárhæð frá tiltækri heimild þinni fyrir mistök þá mun ábyrgð okkar gagnvart þér takmarkast við skyldu til að endurgreiða þér þá fjárhæð sem var ranglega dregin frá.

10.7 Þú verður að tilkynna okkur um áform þín um að leggja fram kröfu á hendur okkar innan 6 mánaða frá dagsetningu atburðarins sem krafa þín byggir á. Ef þú tilkynnir okkur það ekki, og með fyrirvara um grein 10.3, berum við enga ábyrgð gagnvart þér vegna slíks atburðar.

10.8 Ef þess er krafist skalt þú veita okkur fullt skaðleysi gegn hvers kyns tapi eða tjóni sem við kunnum að verða fyrir (þar á meðal vegna útgjalda og kostnaðar sem við stofnum til, svo sem

lögfræðikostnaðar) af völdum brots þíns á skilmálum þessum, ef við þurfum að knýja fram efndir þínar á einhverjum ákvæða skilmála þessa (til dæmis ef þú greiðir okkur ekki einhverjar fjárhæðir sem okkur ber) eða ef þú eða kortanotendur þínir notið kortin á sviksamlegan hátt. Þú berð áfram ábyrgð eftir að samningur þessi fellur úr gildi.

11 Uppsagnarréttur

11.1 Samningur þessi fellur úr gildi ef samningur þinn við Síminn Pay fellur úr gildi af hvaða ástæðu sem er.

11.2 Þú getur sagt skilmálum þessum upp hvenær sem er með því að senda viðskiptavinaþjónustunni skriflega tilkynningu með að minnsta kosti þrjátíu (30) daga fyrirvara og við getum sagt skilmálum þessum upp hvenær sem er með því að senda þér skriflega tilkynningu með að minnsta korti (30) daga fyrirvara.

11.3 Uppsagnargjald kann að verða dregið frá tiltæku heimildinni á kortunum í samræmi við viðaukann.

12 Viðbótarréttur okkur til uppsagnar og til að læsa og loka kortum

12.1 Við getum lokað einhverjum eða öllum kortum við sértakar aðstæður, þar með talið (en ekki takmarkað við):

a) ef við höfum góða ástæðu til að gruna að þú (og/eða viðkomandi kortanotandi) séuð að hegða ykkur á sviksamlegan hátt, þú (og/eða kortanotandinn) séuð að taka þátt í einhverri ólögmætri eða ólöglegri háttsemi (til dæmis peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka), eða að kortið sé notað í einhverjum öðrum ólöglegum tilgangi;

b) ef þú fremur alvarlegt brot á skilmálum þessum (alvarlegt brot tekur til viðvarandi brots á kröfum skilmála þessara) og þú leiðréttir ekki brot þitt eftir að við höfum beðið þig að gera það og innan þess tímaramma sem við höfum óskað eftir með sanngirni;

c) aðgangi þínum að notendaviðmótinu er lokað eða sagt upp af Síminn Pay;

d) ef við höfum beðið þig að greiða okkur fjármuni sem þú skuldar okkur samkvæmt skilmálum þessum og þú lætur hjá líða að gera það þrátt fyrir áskoranir okkar þess efnis (meðal annars með orðsendingum sem Síminn Pay kann að senda fyrir okkar hönd);

e) ef einhverjar upplýsingar sem þú (eða einhver fyrir þína hönd) sendir eru rangar, eða ef þú lætur hjá líða að veita okkur upplýsingar sem við óskum eftir frá þér með sanngirni;

f) ef við höfum góða ástæðu til að ætla að það sé nauðsynlegt í öryggisskyni (til dæmis vegna öryggisvandamála sem hafa áhrif á kortavinnslukerfi eða notendaviðmótið); eða

g) ef við teljum að það sé nauðsynlegt til að hlíta einhverjum lögum, reglugerðum, leiðbeiningum, dómsúrskurðum eða fyrirmælum eftirlitsaðila eða stjórnvalda;

h) ef við höfum rökstuddan grun um að öryggi kortsins hafi verið stefnt í hættu á einhvern hátt; eða

i) þú verður fyrir greiðsluþrotsatburði eða þú hættir eða hótar að hætta rekstri þínum.

12.2 Ef við þurfum að loka kortinu þínu af einhverri ástæðu munum við tilkynna þér um ástæðuna svo framarlega sem okkur er það heimilt samkvæmt gildandi lögum. Við munum aðeins endurvirkja kortið ef við teljum okkar hafa vissu fyrir því að ástæða lokunarinnar eigi ekki lengur við.

12.3 Í samræmi við grein 4.3 munum við fjarlægja læsinguna á kortinu eins fljótt og auðið er eftir að við teljum okkur hafa vissu fyrir því, með sanngirni, að ástæðurnar fyrir því að loka eða læsa þurfti kortinu séu ekki lengur fyrir hendi. Ef ástæðurnar fyrir því að loka eða læsa þarf kortinu eru viðvarandi í einn (1) mánuð kunnum að segja þessum skilmálum upp í staðinn.

12.4 Okkur er heimilt að setja upp skilmálum þessum og/eða sumum eða öllum kortanna við þær sérstæðu aðstæður sem taldar eru upp í grein 12.1 hér að ofan.

12.5 Ef skilmálum þessum er sagt upp eða ef þeir falla úr gildi, hver sem ástæðan kann að vera, skal það ekki hafa áhrif á réttindi eða skyldur hvors aðila sem kunna að hafa stofnast fyrir uppsögnina eða gildislokin og það skal heldur ekki áhrif á nokkur ákvæði skilmála þessara sem beint eða óbeint er ætlað að taka gildi, eða halda áfram í gildi, eftir slíka uppsögn eða gildislok.

12.6 Þú berð ábyrgð á að tryggja að öllum kortanotendum hafi verið tilkynnt um uppsögn skilmála þessara.

13 Trúnaður og gagnvernd

13.1 Við erum ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna og kortanotenda sem tengjast umsókn um og notkun kortsins og munum safna ákveðnum upplýsingum um kaupanda og notendur kortsins til að starfrækja kortakerfið. Afhending þín á persónuupplýsingum þínum og/eða kortanotenda og vinnsla okkar á þessum upplýsingum er nauðsynleg svo báðir aðilar geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Ef þú veitir ekki persónuupplýsingarnar sem við biðjum um er hugsanlegt að við getum ekki getað haldið áfram að veita þjónustu okkar og kunnum að gera ráðstafanir til að segja skilmálum þessum upp í samræmi við ákvæði greinar 12.1(g) að framan.

13.2 Með því samþykkja skilmála þessa gefur þú skýrt samþykki þitt fyrir því að við vinnum persónuupplýsingar þínar að því marki sem nauðsynlegt er til að gefa út kortið og veita greiðslumiðlunarþjónustu í tengslum við kortið (meðal annars með því að vinna og afgreiða kortafærslur). Þetta ákvæði er með fyrirvara um (þ.e. hefur ekki áhrif á) réttindi okkar til að vinna persónuupplýsingar þínar í öðrum tilgangi og á grundvelli þeirra lögmætu forsendna sem lýst er í persónuverndarstefnu okkar (sem nálgast má á: https://enfuce.com/privacy-and-data-protection/).

13.3 Við munum hafa umsjón með og vernda persónuupplýsingar þínar og/eða kortanotenda í samræmi við öll viðeigandi persónuverndarlög. Til að fá tæmandi og ítarlegar upplýsingar um hvenær og hvers vegna við söfnum persónuupplýsingum um þig og/eða kortanotendur, hvernig við notum þær, við hvaða aðstæður við kunnum að miðla þeim og hvernig við höldum þeim öruggum bendum við þér á að lesa persónuverndarstefnu okkar sem er látin þér í té þegar við söfnum persónuupplýsingum þínum og sem nálgast má á eftirfarandi vefslóð. https://enfuce.com/privacy-and-data-protection/..

13.4 Vinsamlegast athugið að Síminn Pay er líka ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna sem tengjast umsókn um og notkun kortsins. Nánari upplýsingar er að finna í persónuverndarstefnu Síminn Pay

(https://static.siminn.is/Webflow/Skjol/skilmalar/pay/STE_8838_Personuverndarstefna_Siminn_Pay.pdf).

14 Breytingar á skilmálum

14.1 Ef við þurfum að gera einhverjar breytingar á skilmálum þessum munum við biðja Síminn Pay að tilkynna þér um nýju skilmálana, eða munum hafa beint samband við þig, að minnsta kosti þrjátíu (30) dögum áður en við innleiðum breytingarnar. Við sérstakar aðstæður, ef ómögulegt er fyrir okkur að tilkynna þér um breytingar með að minnsta kosti þrjátíu (30) daga fyrirvara (til dæmis ef um brýnar lagabreytingar er að ræða), kann tilkynningarfyrirvarinn að vera skemmri, en við munum gera það sem í valdi okkar stendur til að veita þér eins langan fyrirvara og unnt er (**tilkynningarfyrirvari**).

14.2 Ef við þurfum að gera breytingar sem eru óhagstæðari fyrir þig en skilmálarnir sem þú samþykktir þegar þú sóttir um kortið, og þú samþykkir ekki slíka nýja skilmála, getur þú tilkynnt okkur (venjulega í gegnum notendaviðmótið eða viðskiptavinaþjónustuna) um að þú hafnir fyrirhuguðum nýjum skilmálum. Þú verður að láta okkur vita áður en tilkynningarfyrirvarinn rennur út, þ.e. fyrir þann dag þegar við áformum að innleiða nýju skilmálana Ef við heyrum ekki frá þér fyrir þann dag gerum við ráð fyrir að þú hafir samþykkt breytingarnar og litið verður svo á að þú hafir samþykkt nýju skilmálana.

14.3 Ef þú hafnar nýju skilmálunum þýðir það að þú segir samningi þessum upp og segir upp kortinu. Þú munt ekki þurfa að greiða nein gjöld fyrir að segja samningi þessum upp við slíkar aðstæður.

15 Ýmis ákvæði

15.1 Þú viðurkennir og samþykkir að við kunnum að nýta réttindi okkar samkvæmt skilmálum þessum í gegnum Síminn Pay og að þessu takmarkaða leyti skulu tilvísanir í „okkur", „við" eða „okkar" túlkaðar sem tilvísanir í Síminn Pay.

15.2 Ekkert í skilmálum þessum veitir nokkrum þriðja aðila ávinning af skilmálum þessum eða rétt til að knýja fram efndir skilmála þessara.

15.3 Við kunnum að framselja réttindi og skyldur okkar samkvæmt skilmálum þessum til einhvers annars aðila eða fyrirtækis, enda haldi slíkur aðili áfram að uppfylla skuldbindingar gagnvart þér eins og skilmálar þessir kveða á um.

15.4 Við kunnum að hafa samband við þig með bréfi eða tölvupósti með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem þú veitir í notendaviðmótinu.

15.5 Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara (eða hluti ákvæðis) verður ólöglegt, ógilt eða óframfylgjanlegt, þá skal það ekki hafa áhrif á lögmæti, gildi eða framfylgjanleika annarra ákvæða skilmála þessara.

15.6 Skilmálar þessir eru heildarsamningurinn á milli þín og okkar.

16 Kvartanir

16.1 Kortakerfið er í umsjón Síminn Pay. Ef þú vilt hafa samband við okkur eða koma á framfæri kvörtun yfir einhverjum þáttum þjónustu okkar skaltu hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna.

16.2 Ef þú ert ekki sátt/-ur við niðurstöðuna eftir að hafa fengið svar frá viðskiptavinaþjónustunni geturðu vísað kvörtun þinni til okkar með því að senda tölvupóst á complaints@enfuce.com.

16.3 Við munum gera allt sem í valdi okkar stendur til að finna lausn á kvörtun þinni og ef við getum ekki leyst vandamál þitt þannig að þú teljir viðunandi munum útskýra rökin að baki ákvörðun okkar.

17 Lög, lögsaga og tungumál

17.1 Skilmálar þessir og hvers kyns deilur sem kunna að rísa í tengslum við þá skulu alfarið lúta og túlkast í samræmi við lög Finnlands og skulu lúta einkalögsögu héraðsdómstóla í Helsinki.

17.2 Ensk útgáfa skilmála þessara og hvers kyns orðsendinga og notendaviðmótsefnis (ef ensk útgáfa er í boði) mun gilda framar útgáfum á öðrum tungumálum sem við kunnum að gefa út öðru hvoru.

18 Bætur

Þetta kort er greiðslumiðlunarvara en ekki innláns- eða lána- eða bankavara og fellur ekki undir lögbundið innstæðutryggingarkerfi finnska fjármálastöðugleikaeftirlitsins (e. Finnish Financial Stability Authority).

VIÐAUKI

Nema annað sé sérstaklega tekið fram hafa orð og hugtök sem notuð eru í þessum viðauka sömu merkingu og skilgreint er í skilmálunum.

A. **Viðskiptavinaþjónusta**

Hægt er að hafa samband við viðskiptavinaþjónustuna með neðangreindum leiðum:

- Virka daga á milli kl. 9 og 17 að GMT-tíma: +354 550 6000
- Með tölvupósti: pay@siminnpay.is
- Í gegnum notendaviðmótið: www.siminnpay.is eða í Síminn Pay forritinu

Vinsamlegast athugið að við og Síminn Pay áskiljum okkur rétt, eftir að hafa látið þig vita þegar símtalið fer fram, til að fylgjast með/taka upp samtöl milli þín og viðskiptavinaþjónustunnar í gæðatryggingar- og öryggisskyni.

B. **FÆRSLUGJÖLD**

Allar greiðslur sem framkvæmdar eru með notkun korts skulu vera í tilgreinda gjaldmiðlinum. Ef kort er notað til að greiða fyrir vörur og þjónustu í öðrum gjaldmiðli en tilgreinda gjaldmiðlinum skal umreikna fjárhæð greiðslunnar samkvæmt umreikningsgengi kortafyrirtækisins. Til þess að gera þér og/eða kortanotanda kleift að bera saman gjöld fyrir umreikning gjaldmiðils getur þú og/eða kortanotandi skoðað rauntíma prósentumuninn á fjárhæðinni sem verður skuldfærð á kortið fyrir erlenda gjaldeyrisfærslu (sem samanstendur af álagningu kortafyrirtækisins ásamt öðrum gjöldum eins og greinir hér á eftir) og nýjasta tiltæka gengi evru sem birt er af Seðlabanka Evrópu. Þú getur skoðað þessar upplýsingar í svörum við algengum spurningum í notendaviðmótinu. Þú samþykkir að 5. og 6. mgr. gr. 3a reglugerðar (EB) 924/2009 (eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/518) gilda ekki og að engin rafræn skilaboð verða send þér og/eða kortanotandanum þegar gjaldeyrisfærsla yfir landamæri er framkvæmd.

Athugið að gengi gjaldmiðla getur sveiflast og kann að breytast frá því að færsla er framkvæmd og þar til uppgjör og rukkun hennar fer fram. Þú samþykkir að öllum breytingum á gengi gjaldmiðla megi beita strax og án þess að tilkynna þér um það.

GJÖLD FYRIR ERLENDAR FÆRSLUR

Gjaldeyrisviðskipti	Viðbótargjald á erlendar færslur	2,5%

(1) *Athugið: sumir söluaðilar, í sumum löndum, kunna að rukka viðbótargjald fyrir greiðslu með korti. Þér verður tilkynnt um þessi gjöld, sem eru ákveðin af söluaðilanum, þegar kaup fara fram.*

KORTAGJÖLD

Öll gjöld koma fram í samningnum sem undirritaður er milli Síminn Pay og viðskiptavinar. Allar uppfærslur á gjöldum skulu gerðar í samræmi við breytingarferlið sem kveðið er á um í 14. grein.

VEFÞJÓNUSTUGJÖLD

Virkjun	gjaldfrjáls
Upplýsinga aflað um allar kortafærslur	gjaldfrjáls
Sækja og prenta út yfirlit	gjaldfrjáls
Læsa eða aflæsa korti	gjaldfrjáls

KORTAHÁMÖRK

Tegund hámarks	**Tíðni**	**Fjárhæð**
Lágmarks upphafs innáfyllingargildi	fyrir hverja færslu	Á ekki við
Hámarks innáfyllingargildi	fyrir hverja færslu	Á ekki við
Hámarks heildarheimild	fyrir hvert kort	Á ekki við
Hámarksfjöldi posa (#)	1 dagur	20
	Vikulega	70
	Mánaðarlega	20
Hámarksgildi posa	fyrir hverja færslu	600.000 kr
	1 dagur	600.000 kr
	Vikulega	1.000.000 kr
	Mánaðarlega	2.000.000 kr